Hafnarfjörður

Reglur um tímabundið ráðningarbann

Markmið

Markmið tímabundinna takmarkana á ráðningum er að stuðla að fækkun stöðugilda og draga úr launakostnaði með því að nýta starfsmannaveltu til að endurmeta þörf fyrir ráðningar áður en laus störf eru mönnuð að nýju.

Ráðningarnefnd

Skipa skal ráðningarnefnd sem samþykkja ber allar ráðninga í störf utan grunnþjónustu. Störf sem losna verði ekki sjálfkrafa endurmönnuð en áfram verður heimilt að ráða vegna eðlilegrar starfsmannaveltu í leikskólum, grunnskólum og á heimilum fyrir fatlað fólk, að uppfylltum skilyrðum.

Störf í grunnþjónustu

Til grunnþjónustu teljast störf í leikskólum, grunnskólum og á heimilum fyrir fatlað fólk fyrir utan sérfræði- og stjórnendastörf á þeim starfsstöðum.

Heimilt er að ráða í stað starfsmanns sem hættir vegna eðlilegrar starfsmannaveltu án samþykkis ráðningarnefndar að öllum eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:

- ráðið er í stöðugildi sem þegar er til staðar
- starfshlutfall er ekki aukið
- starfseiningin er innan samþykktrar launaáætlunar

Ef starfseining er yfir samþykktri launaáætlun þarf ávallt samþykki ráðningarnefndar áður en ráðið er í starf.

Önnur störf

Allar ráðningar í störf sem ekki teljast til grunnþjónustu skulu lagðar fyrir ráðningarnefnd. Þetta á einnig við um ráðningu í stað starfsmanns sem hættir í skilgreindu stöðugildi, þótt ráðningin sé innan samþykktrar fjárhagsáætlunar.

Rökstuðningur með ráðningarbeiðni

Með beiðni um ráðningu skal fylgja stuttur og skýr rökstuðningur þar sem fram kemur:

- hvers vegna nauðsynlegt er að manna starfið
- hvaða áhrif það hefur á þjónustu og starfsemi ef ekki verður ráðið
- hvort kannað hafi verið hvort fella megi niður verkefni, forgangsraða þeim með öðrum hætti eða dreifa þeim innan starfseminnar
- hvort þörf sé á óbreyttu starfshlutfalli eða hvort unnt sé að lækka það
- stöðu vinnustaðar gagnvart samþykktri launaáætlun

Ráðningarnefnd og afgreiðsla

Ráðningarnefnd er skipuð mannauðsstjóra/sviðsstjóra stjórnsýslusviðs, einum mannauðsráðgjafa, einum fulltrúa frá mennta- og lýðheilsusviði, einum fulltrúa frá fjölskyldu- og barnamálasviði og einum fulltrúa frá umhverfis- og skipulagssviði og einu aðila frá hagdeild. Ráðningarnefnd skal leitast við að ná samhljóða niðurstöðu en að öðrum kosti ræður meirihluti á fundi niðurstöðu.

Hafnarfjörður

Ráðningarnefndin mun starfa í tvö ár, frá 1. 11. 2026 til 31. 10 2028.

Nefndin fundar að jafnaði vikulega ef beiðnir liggja fyrir og tekur afstöðu til framlagðra ráðningarbeiðna á grundvelli rökstuðnings og stöðu vinnustaðar gagnvart launaáætlun.

Meginregla: Laus staða felur ekki sjálfkrafa í sér heimild til að ráða í starfið að nýju.

Hafnarfjörður

Hafnarfjarðarbær | Strandgötu 6 | 220 Hafnarfjörður | Sími 585 5500
Kennitala 590169-7579 | hafnarfjordur@hafnarfjordur.is